

Ársskýrsla

2019

## Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum





## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3	Náms- og starfsráðgjöf	29
Inngangur forstöðumanns	4	Samvinna - starfsendurhæfing	34
Stjórn MSS	7	Erlend verkefni	43
Starfsfólk MSS	8	Þróunarverkefni	45
Nám fyrir einstaklinga	10	Ársreikningur 2019	49
Námsleiðir	13		
Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna	20		
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	22		
Þjónusta við fyrirtæki	23		

## Ávarp stjórnarformanns MSS



Hlutverk MSS hefur verið að bjóða fjölbreytt námsúrval sem þjónar allt í senn fyrirtækjum, stofnunum, menntastofnunum og almenningi. Þetta gerir miðstöðin með því að samræma framboð sí- og endurmenntunar með auknum tengslum við atvinnulíf og skóla. Þetta hefur miðstöðin gert mjög vel allt frá því hún var sett á laggirnar fyrir 22 árum.

Áfram heldur samfélag okkar á Suðurnesjum að vaxa og dafna. Gríðarleg fólksfjölgun hefur átt sér stað undanfarin ár og lengi sá ekki fyrir endann á henni. Þessu fylgja að sjálfsögðu miklir kostir en líka gallar. Gallar sem felast helst í þeim fjárframlögum frá ríkinu til svæðisins sem sífellt þarf að berjast fyrir að verði lagað og jafnað í samanburði við aðra landshluta.

Hvort sem er í miklum hagvexti og litlu atvinnuleysi eða samdráttarskeiði sem nú gengur yfir sannar MSS gildi sitt sem mikilvæg og nauðsynleg mennta- og fræðslustöð. Miðstöð sem lagar sig alltaf að aðstæðum hverju sinni. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að starfssemi MSS og Samvinnu með einum eða öðrum hætti fyrir þeirra framlag. Það hefur verið gott og gefandi í þágu þeirra sem hingað leita. Til þeirra sem hafa sótt sér þekkingu til miðstöðvarinnar óska ég velgengni á þeirri vegferð sem framundan er.

Stjórn MSS þakka ég kærlega fyrir gott samstarf.

*Grindavík, júní 2020.*  
**Kristín María Birgisdóttir**  
*stjórnarformaður MSS*



## Ávarp forstöðumanns

### Ört vaxandi samfélag fjölbreytileikans

Samfélagið okkar hér á Suðurnesjum hefur heldur betur stækkað á undanförunum árum. Íbúafjöldi hefur aukist um 30% á 10 árum og hefur íbúasamsetning breyst. Okkar aðal atvinnusvæði, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, mótar svo sannarlega samfélagið okkar og margir flytjast á svæðið til að vinna í ferðaþjónustunni. Íbúasamsetning hefur breyst mikið á undanförunum árum en í dag eru innflytjendur 27% af íbúum Suðurnesja en voru 9,5% árið 2010.

Við í MSS verðum vör við þessa fjölgun íbúa og lýðfræðilega breytingu á samfélaginu. Mikil eftirspurn hefur verið eftir námsframboði MSS og náum við ekki að anna henni sem skyldi. Mikil eftirspurn er eftir lengri námsleiðum og stýrist framboð m.a. af því fjármagni sem MSS fær til að keyra námsleiðirnar. Framlagið sem MSS fær til þess hefur staðið í stað og því í raun hlutfallslega minnkað á meðan eftirspurn hefur aukist.


Við verðum líka vör við aukna eftirspurn, á meðal þeirra sem tala ekki íslensku. Þau sækja ekki eingöngu í íslenskunámskeið fyrir útlendinga, heldur ýmis önnur námskeið s.s. nýsköpunar-námskeið, samfélagstúlkanámskeið og ýmsar aðrar FA námsleiðir. MSS reynir eins og alltaf að koma til móts við þarfir samfélagsins og var töluvert af námskeiðum haldin á öðru tungumáli en íslensku í ár. Fyrir utan íslensku var aðallega kennt á ensku og pólsku.

### Blikur á lofti í atvinnumálum

Blikur hafa verið á lofti í atvinnumálum hér á svæðinu í tvö ár. Stóra áfallið var þegar WOW varð gjaldþrota snemma árs og ljóst var að enn myndi bætast við atvinnuleysis-skrána en á henni hafði fjölgað töluvert árið á undan. Ljóst var að við vorum aftur að slá metið sem við áttum nokkrum árum áður þ.e. vera með hæsta hlutfall atvinnulausra á landinu og var atvinnuleysi 8,7% í lok ársins á Suðurnesjum.







Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

Það er ástand sem við þekkjum nokkuð vel hér í MSS enda höfum við áður sinnt atvinnuleitendum með öflugum hætti. Ríkisstjórnin brást við falli WOW með því að setja fjármagn í ýmis úrræði og spilaði MSS stórt hlutverk þar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið setti fjármagn í ýmsar námsleiðir og námskeið sem ætluð voru til að efla íbúa á Suðurnesjum og var horft sérstaklega á verkefni sem styrkja atvinnuleitendur og atvinnulíf.


Ef ekki hefði komið til þessa auka fjármagns þá hefði ekki verið hægt að halda íslenskunámskeið fyrir útlendinga um haustið þar sem eftirspurn eftir þeim námskeiðum er orðin það mikil að fjármagnið dugir ekki nema hálft árið. Einnig hefði ekki verið boðið upp á náms- og starfsráðgjöf þar sem fjármagnið þar dugði ekki lengur en fram á haust. Vegna fjármagnsins var hægt að bjóða upp á fjölmargar námsleiðir, leiðsögunám og námskeið sem styðja við frumkvöðlahugsun sem mun vonandi efla atvinnulífið þegar fram í sækir. Á sama tíma og við erum mjög þakklát

fyrir að horft var til samfélagsins hér og fjármagni bætt við, til að koma til móts við sívaxandi samfélag þar sem atvinnuleitendur eru hlutfallslega fleiri en annar staðar, þá höfum við áhyggjur af komandi ári þar sem ljóst er að samfélagið heldur áfram að stækka og atvinnuleitendur eru margir. Eftirspurn eftir þjónustu MSS hefur líklegast aldrei verið meiri en fjármagn af fjárlögum hefur ekkert aukist og því erfitt að bregðast við aukinni eftirspurn eftir menntun okkar íbúa. Það er áhyggjuefni og vonandi að stjórnvöld hækki framlög í verkefni í takt við fjölgun íbúa á svæðinu.

**Samstarf**

Það hefur ávallt verið mikilvægt fyrir MSS að tengjast nærumhverfinu en þannig sjáum við best hver þörfin er hverju sinni og hvernig við getum brugðist við. Við höfum til margra ára verið í samstarfi við Myndlistarfélagið um listanámskeið og Þekkingarsetur Suðurnesja um ýmis stutt námskeið.





Heildarfjöldi námskeiða eftir árum

Þannig getum við nýtt sérþekkingu hvers annars en það styður við alla aðila. Við vorum svo heppin að hópur eldri borgara sem er í hópnum U3A setti sig í samband við okkur og koma þau saman hér í húsnæði MSS og eru að miðla af vísu sinni og fræðast um hin ýmsu málefni. MSS er stolt af því að vera í samstarfi við þau og geta stutt við símenntun þeirra með þessum hætti. Einnig fórum við í samstarf við Rauða krossinn en þau sinna fræðslu fyrir hælisleitendur sem enginn annar er að sinna með aðkomu sjálfboðaliða. MSS mun taka þátt í þessu samstarfi m.a. með að veita aðgang að húsnæði á þeim tíma sem rólegt er í annarri starfsemi og faglegu starfi eftir því sem við á. Við í MSS höfum hug á að koma meira að þessu en okkur finnst það vera liður í að skila góðu tilbaka til samfélagsins. Vinnumálastofnun er miklvægur samstarfsaðili MSS enda hafa þessar tvær stofnanir m.a. það markmið að aðstoða einstaklinga í atvinnuleit. Gott og náið samstarf hefur verið og öll úrræði nýtt til að gefa einstaklingum tækifæri til að efla sig í atvinnuleitinni s.s.

með ferilskrágerð, æfa sig í atvinnuviðtalinu og almennri sjálfseflinu. Einnig hefur verið boðið upp á námskeið til að efla frumkvöðlahugsun og gera einstaklinga færa um að útfæra viðskiptahugmyndir sínar. Þá hefur verið boðið upp á námsleiðir til að efla starfshæfni og námskeið til að efla grunnfærni t.d. fyrir unga atvinnuleitendur og námskeið til að efla námsfærni. Námskeiðahald fyrir þá sem tala ekki íslensku hefur verið öflugt í þessu samstarfi bæði í beinum íslenskunámskeiðum og eins hafa fjölmörg námskeið verið kennd á ensku og pólsku.

**Lokaorð**

Það er ávallt af nógu að taka og mörg verkefni framundan. MSS hefur ávallt brugðist hratt og vel við þeim aðstæðum sem koma upp á okkar svæði og mun gera það áfram. Starfsfólki öllu vil ég þakka fyrir vel unnin störf á árinu og stjórn MSS fyrir gott samstarf.

*Guðjónína Sæmundsdóttir  
forstöðumaður MSS*



## Stjórn

Breytingar urðu á stjórn MSS á árinu en Guðbrandur Einarsson fór úr stjórn MSS í september 2019. Ólafur Magnússon tók hans sæti fyrir hönd stéttarféлага.

Stjórnin hélt þrjá bókaða fundi á árinu 2019.



**Ellert Eiríksson**  
Atvinnurekendur.



**Kristín María Birgisdóttir**  
Stjórnarformaður, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Varamaður: Þuríður Gísladóttir.



**Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir**  
Reykjanesbær.  
Varamaður: Berglín Bergsdóttir.



**Ólafur Magnússon**  
Stéttarfélag.  
Varamaður: Guðbjörg Kristmundsdóttir.



**Kristján Ásmundsson**  
Fjölbrotaskóla Suðurnesja.  
Varamaður: Guðlaug M. Pálsdóttir.



## Starfsfólk



**Arndís Harpa Einarsdóttir**

náms- og starfsráðgjafi 50% starf frá 1. jan. til 31. júlí. 100% starf frá 1. ág. til 31. des..



**Eydís Eyjólfsson**

þjónustufulltrúi, 80% starf.



**Gunnrún Theodórsdóttir**

félagsráðgjafi, 100% starf.



**Áslaug Bára Loftsdóttir**

verkefnastjóri, 100% starf.



**Guðbjörg G. Gylfadóttir**

náms- og starfsráðgjafi, 100% starf.



**Haukur Hilmarsson**

ráðgjafi, 100% starf.  
Lét af störfum 30. júní 2019.



**Birna Vilborg Jakobsdóttir**

verkefnastjóri atvinnulífs, 87% starf.



**Guðjónína Sæmundsdóttir**

forstöðumaður, 100% starf.



**Hólmfríður Karlsdóttir**

verkefnastjóri, 100% starf.





**Hrönn Auður Gestsdóttir**  
þjónustufulltrúi, 100% starf.



**Nanna Bára Maríasdóttir**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Sunna Hafsteinsdóttir**  
Iðjubjálfi, 100% starf.



**Kristinn Bergsson**  
þjónustufulltrúi og tæknimaður.  
Sinnir útköllum eftir þörfum.



**R. Helga Guðbrandsdóttir**  
deildarstjóri Samvinnu, 100% starf.



**Sveindís Valdimarsdóttir**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Kristín Hjartardóttir**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Smári Þorbjörnsson**  
verkefnastjóri, 100% starf.  
Lét af störfum 30. júní 2019.



**Særún Rósa Ástþórsdóttir**  
deildarstjóri, 100% starf.



**Monika Krus**  
verkefnastjóri, 100% starf.




**Steinunn Jónatansdóttir**  
deildarstjóri, 100% starf.



**Þórdís Marteinsdóttir**  
verkefnastjóri, 100%



## Nám fyrir einstaklinga



Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

### Gagn og gaman

Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks.


Þátttaka í þessum flokki var ágæt þetta árið en flest þessara námskeið eru skipulögð af þeim samstarfsaðilum sem MSS er í samstarfi við. MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og á árinu veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðs-gjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR.

Samstarf er við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessara námskeiða.


Einnig er MSS í samstarfi við samtökin U3A Suðurnes. U3A stendur fyrir University of the third Age eða Háskóli þriðja aldurskeiðsins sem er fyrir 60 ára og eldri. Nokkrir hópar eru undir U3A sem hittast reglulega yfir vetrarmánuðina hjá MSS til að ræða saman, hlusta á erindi og fræðslu um hin ýmsu málefni sem er skipulagt af U3A.

Í heild sinni voru haldin níu námskeið í flokknum Gagn og gaman.





Heildarfjöldi þátttakenda á Tungumálanámskeiði



Heildarfjöldi þátttakenda á Tölvunámskeiði


**Tungumál**

Eingöngu Enska fyrir útlendinga fór af stað á árinu 2019 í samstarfi við Rauða kross Íslands fyrir hælisleitendur.

**Tölvunám**

Eitt tölvunám í Excel fór af stað á árinu fyrir fyrirtæki hér á svæðinu.





Heildarfjöldi þátttakenda eftir í fjarnámi

### Fjarnám

Það voru um 111 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2019 en 130 á haustönn sem er svipuð tala á milli ára.

Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísileg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku.

Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði tengd náminu sem upp koma.

Alls voru haldin 235 próf á árinu sem MSS hafði umsjón með fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Bifröst, Háskólin í Reykjavík, Endurmenntun HÍ, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verzlunarskóla Íslands, Verkmenntaskólann á Akureyri, skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Það voru 17 fjarnemar frá HA sem útskrifuðust vorið 2019 úr eftirfarandi sviðum: Viðskipta- og raunvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði, hug- og félagsvísindasviði.



## Námsleiðir

### Fjölbreytt og ný námstækifæri

MSS hefur boðið fullorðnum námsmönnum á Suðurnesjum, og reyndar víðar með tilkomu fjarnáms, fjölbreytt námstækifæri á undanförunum árum. Árið 2019 var engin undantekning hvað varðar námsframboð en árið var þó óhefðbundið þar sem miðstöðin var mikilvægur þátttakandi í viðbrögðum Mennta- og menningarmálaráðuneytis og ríkistjórnarinnar við skyndilegu auknu atvinnuleysi og breytingum á vinnumarkaði fyrri part árs.


Mikil eftirspurn var í svokallaðar FA námsleiðir eða námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fjármagn langt komið á vormánuðum. Það fjármagn sem fylgdi mennta- og atvinnuátaki í kjölfar falls WOW gerði miðstöðinni kleift að bjóða fleiri námsleiðir sem og að bjóða uppá ný námskeið sem þróuð voru af MSS. Má þar meðal annars nefna Valdeflandi kvennasmiðju, Karlasmíðju og Þróun hugmyndar að viðskiptatækifæri.

Einnig gafst færi á að bjóða uppá svæðisbundið leiðsögunám sem hluti af atvinnuuppbyggingu og eflingu Suðurnesja.

Hópurinn sem nýtir námstækifæri MSS er fjölbreyttur með mismunandi reynslu og styrkleika. Eitt af markmiðum MSS er að koma til móts við þá einstaklinga og hópa sem helst þurfa aðstoð og stuðning við sjálfseflingu og uppbyggingu.

Ákaflega gott samstarf hefur skapast við stofnanir á Suðurnesjum en skjólstæðingar Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaganna og Fjölsmiðjunnar hafa sótt mörg lengri og styttri námskeið hjá MSS. Þá hefur tekist sérstaklega vel að veita ungu fólki ný tækifæri m.a. með námskeiðinu Stökkpallurinn sem samstarfsaðilar hafa nýtt sem úrræði fyrir sína skjólstæðinga.





Heildarfjöldi þátttakenda í FA-námsleiðum.

### Einstaklingsmiðað nám

Einstaklingar sem hafa litla formlega menntun og vilja feta menntavegin geta tekið fyrstu skrefin hjá MSS. Náms- og starfsráðgjafar sem og verkefnastjórar námsleiða leitast við að aðstoða einstaklinga við að finna þá leið sem hentar þeim best miðað við reynslu og framtíðarmarkmið.

Þeir sem hafa ekki lokið grunnskóla eða ekki stundað nám í langan tíma og vilja styrkja sig í bóklegum greinum geta tekið fyrsta skrefið í Grunnenntaskólanum. Þar eru kenndar almennar bóklegar greinar ásamt sjálfstyrkingu, upplýsingatækni og markmiðasetningu svo eitthvað sé nefnt. Fyrir þá sem vilja halda áfram menntavegin og stefna jafnvel að stúdentsprófi eru Menntastoðir frábært skref. Í námsleiðinni eru kennd almenn bókleg fög og miðast hún við undirbúning fyrir frekara nám í frumgreinadeildum eða sem bóklegur hluti af iðnnámi. Menntastoðir voru settar á laggirnar árið 2009 og voru

því tíu ár liðin frá því að námsleiðin var sett af stað í fyrsta sinn. Menntastoðir voru unnar í samstarfi MSS, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Keilis en með námsleiðinni var komið til móts við fjölmarga sem höfðu ekki nægilegan grunn til þess að hefja nám í frumgreinadeild Keilis. Árið 2009 var mjög mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum í kjölfar fjármálahrunsins og Menntastoðir og fleiri námsleiðir voru kjörin leið fyrir einstaklinga til þess að efla stöðu sína á vinnumarkaði, skipta um starfsvettvang og öðlast meiri menntun.

Líkt og áður kom fram hefur gott samstarf myndast á milli MSS og ýmissa aðila í samfélaginu. Námsleiðin Íslensk menning og samfélag hefur verið í boði fyrir skjólstæðinga Vinnumálastofnunar og Reykjanesbæjar. Áhersla er lögð á íslensku í námsleiðinni með sterkri tengingu við atvinnulífið og samfélagið í heild.



### Sveigjanleiki og skjót viðbrögð

Um árábil hefur MSS unnið í góðum tengslum við atvinnulífið og hefur miðstöðin verið lykilaðili þegar þurft hefur að bregðast við auknu atvinnuleysi. Það hefur sýnt sig að þau verkfæri sem miðstöðin hefur til þess að þjónusta markhóp sinn virka afar vel. Þá er mikill sveigjanleiki kostur í starfseminni en þar vinna saman námsframboðið sem miðstöðin getur boðið og það hversu fljótt hefur verið hægt að bregðast við. MSS býður ýmsar starfstengdar námsleiðir til þess að stuðla að því að styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði hvort sem viðkomandi er að skipta um starfsvettvang eða vill efla sig í núverandi starfi. Hér er sagt stuttlega frá nokkrum námskeiðum en listinn er langt frá því að vera tæmandi.

### Skrifstofuskóli I og Skrifstofuskóli II

Námið er ætlað þeim sem starfa eða vilja starfa við skrifstofustörf. Námskráin Skrifstofunám sem unnin var af Fræðslumiðstöð Vestfjarða var lögð til grundvallar

Skrifstofuskóla II. Námið veitir góðan undirbúning fyrir ýmis konar störf, allt frá móttöku að störfum í bókhaldi. Markvisst hefur verið unnið að því að skapa góða samfelli á milli námsleiðanna með það að markmiði að þátttakendur fái enn betri grunn í bókhaldi, þjónustu og helstu þáttum skrifstofustarfa.

### Félagssliðabré

Námið hentar þeim sem starfa á heilbrigðis- og velferðarsviðum. Náminu er ætlað að efla fagvitund starfsfólks sem hefur litla formlega menntun en námsleiðin er skipulögð með þeim hætti að verkefni og námsefni tengist starfsvettvangi þátttakenda. Þannig ætti námið að nýtast þeim í starfi um leið og starfsreynsla og sú þekking sem mótast hefur í starfinu kemur að góðum notum í náminu. Félagssliðabré er fjögurra anna nám og hefur undanfarin ár verið kennt með aðferðum vendináms í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands.

### Fagnámskeið í heilbrigðis- og félagsþjónustu

Námið er einnig ætlað ófaglærðu starfsfólki í umönnunarskörfum. Námið er ætlað þeim sem annast um eða hlynna að sjúkum eða öldruðum á einkaheimilum eða stofnunum. Markmið með náminu er að starfsfólk sem sinnir almennri umönnun sjúkra og aldraðra hafi þá hæfni sem þarf til að sinna skilgreindum viðfangsefnum starfsins. Boðið hefur verið uppá fagnámskeið á pólsku eða með túlkun með góðum árangri.

### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Námið er tveggja anna nám þar sem áhersla er lögð á gerð viðskiptaáætlunar, markaðssetningu vöru, fyrirtækis eða hugmyndar og rekstur lítilla fyrirtækja. Námsleiðin hentar jafnt þeim sem eru á byrjunarreit með viðskiptahugmynd sem og þeim sem eru nú þegar í rekstri.



### Grunnnámskeið í fiskvinnslu

MSS starfar náið með ýmsum fyrirtækjum og hefur m.a. skipulagt Grunnnámskeið í fiskvinnslu í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki undanfarin ár. Þá er tekið tillit til álagstíma í fyrirtækjunum og fyrirkomulag námskeiðanna aðlagð að þörfum fyrirtækjanna. Grunnnámskeið í fiskvinnslu hafa verið kennd reglulega hjá MSS og eru þau ætluð þeim sem starfa að verkun og vinnslu sjávarafurða. Markmið námsins er að efla faglega hæfni fiskverkunarfólks ásamt því að styrkja starfsfólk varðandi samskipti, sjálfstraust, líkamsbeitingu og fleira.

### Meðferð matvæla

Meðferð matvæla er námsleið ætluð þeim sem starfa við ýmiskonar matvælavinnslu hvort sem um er að ræða frumvinnslu eða fullvinnslu. Sú námsleið tekur mið af þeirri matvælavinnslu sem námskeiðið er haldið fyrir hverju sinni.

Markmið námsins eru m.a. að námsmenn geti útskýrt mikilvægi og ábyrgð starfsmanna matvælaiðnaðar í lýðheilsu, geti útskýrt mikilvægi skipulags, eftirlits, ögunar og vandvirkni í matvælaiðnaði og þekki algenga gæðastaðla, gæðaferla og aðferðir til að skipuleggja innra eftirlit. Námsleiðin er meðal þeirra leiða sem Vinnumálastofnun hefur nýtt fyrir sína skjólstæðinga með mjög góðum árangri.

### Stökkpallur

Í samstarfi við Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaganna var námsleiðin Stökkpallur kennd á haust- og vorönn árið 2019. Námsleiðin er ætluð ungu fólki sem þarf aðstoð við að komast aftur út í atvinnulífið eða mögulega í nám af einhverju tagi. Námsleiðin fer fram í 88 húsinu en Reykjanesbær hefur boðið miðstöðinni að vera með aðsetur þar fyrir Stökkpallinn.

Það samstarf hefur haft jákvæð áhrif á þátttakendur sem og á starf-semi í 88 húsinu. Námsleiðin er skipulögð þannig að tveir leiðbeinendur fylgja hópnum allan tímann, farið er í vettvangsheimsóknir í fyrirtæki, unnið að ferilskrá, markmiðasetningu og sjálfsskoðun.

### Móttaka og miðlun

Móttaka og miðlun var einnig í boði fyrir skjólstæðinga Vinnumálastofnunar. Markmið með náminu er að auka hæfni námsmanna við að taka á móti viðskiptavinum og að veita þjónustu og upplýsingar í samræmi við þjónustustefnu fyrirtækja. Í náminu er fjallað um samskipti og þjónustu, notkun fjölbreyttra aðferða við að miðla upplýsingum, svo sem gegnum samskiptamiðla og tölvupóst. Einnig er fjallað um orðspor fyrirtækja og traust viðskiptavina. Náminu er ætlað að styrkja starfshæfni og sjálfs-traust þátttakenda ásamt því að koma til móts við þarfir atvinnulífsins.



### Kvikmyndasmiðja

Námið var kennt á vormánuðum í samstarfi við Stúdíó Sýrland en þátttakendur í smiðjunni eru allir skjólstæðingar Samvinnu, starfsendurhæfingar.

Í smiðjunni kynnast þátttakendur ferlinu í kvikmyndagerð, frá hugmyndavinnu að handritaskrifum, upptökum, klippingum og að lokum sýningu á fullbúinni stuttmynd.

Það er mjög áhugavert að sjá afrakstur smiðjunnar í lokin og ljóst að vinna sem þessi hefur margvísleg áhrif á þátttakendahópinn.





### Nýsköpun og hagnýting tækifæra

MSS býður ýmis önnur námskeið sem ekki falla undir námskrár Fræðslumiðstöðvar en nokkur ný námstilboð urðu til þegar ljóst var að miðstöðin tæki þátt í viðbrögðum stjórnvalda við falli WOW og auknu atvinnuleysi á svæðinu. Meðal þess sem lögð var áhersla á var nýsköpun og hagnýting tækifæra til eflingar á svæðinu. Námskeiðin sem voru hluti af átaki stjórnvalda voru þátttakendum að kostnaðarlausu.

Boðið var uppá svæðisbundið leiðsögunám með áherslu á Reykjanes en námið hefur tvisvar áður verið kennt hjá MSS. Námið samanstendur af 17 eininga kjarna og fimm einingum í svæðisleiðsögn og byggir á námskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar sem námið var án skólagjalda var aðsókn mikil í upphafi náms.

Með náminu eflist þekking meðal þátttakenda á Reykjanesinu og gefur þeim tækifæri til að skapa ný atvinnutækifæri sem getur leitt til aukins ferðamannastraums og lengingu dvalar ferðamanna á svæðinu.

Námskeiðið Þróun hugmyndar að viðskiptatækifæri er sérsniðið að þörfum innflytjenda sem hafa hug á að hrinda í framkvæmd og/eða þróa hugmynd sína, læra um stofnun fyrirtækis og að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Inntak námskeiðs er sjálfstraust, sköpun, hugmyndaflæði, viðskiptalíf á Íslandi, hagnýt tölvunotkun, markaðsmál, viðskiptaáætlun, DK grunnur og verkefnastjórnun.

Námskeiðið Valdeflandi kvennasmiðja er fyrir konur á öllum aldri sem hafa áhuga á að miðla af reynslu sinni og prófa mismunandi leiðir til valdeflingar. Miðað er við þátttöku kvennanna þar sem þær miðla hver til annarrar

reynslu sinni og þekkingu ásamt aðkomu sérfræðinga um nýsköpun og framþróun verkefnis. Sjálfstraust, sjálfsefling og mikilvægi virkni og ákvörðunar þátttakenda til að stjórna eigin líðan verður haft að leiðarljósi. Markmið námskeiðsins er að efla sjálfstraust og sjálfþekkingu kvenna til að skapa sér ný tækifæri og/eða styrkja hugmyndir eða sköpun þeirra. Að virkja kraft og hugmyndaauðgi kvenna til sköpunar og valdeflingar.

Haldnar voru þrjár kvennasmiðjur en vegna mikillar eftirspurnar var tekin sú ákvörðun að fjórða smiðjan sem fyrirhuguð var yrði gerð að karlasmiðju.

Til þess að koma til móts við hóp einstaklinga á skrá hjá Vinnumálastofnun. Námskeiðið Karlasmiðja er fyrir karla á öllum aldri sem hafa áhuga á að miðla af reynslu sinni og prófa mismunandi leiðir til valdeflingar.





Miðað er við þátttöku karlmannna þar sem þeir miðla hver til annars reynslu sinni og þekkingu ásamt aðkomu sérfræðinga um nýsköpun og framþróun verkefnis. Sjálfstraust, sjálfsefning og mikilvægi virkni og ákvörðunar þátttakenda til að stjórna eigin líðan verður haft að leiðarljósi.

Mikil ánægja var meðal þátttakenda með aukið námsframboð og nýjar leiðir sem hluti af átaki stjórnvalda en áherslur hjá MSS hafa lengi miðað að því að koma til móts við eftirspurn og bjóða nýjar leiðir þegar því er við komið.

### Jógakennaranám

Á haustönn bauð miðstöðin uppá 200 klukkustunda Jógakennaranám í fyrsta skipti á Suðurnesjum í samstarfi við Maríu Olsen jógakennara. Námið er viðurkennt af jógakennarafélagi Íslands.

Mikil áhersla er lögð á verklega kennslu í náminu og að þátttakendur fái góðan undirbúning til þess að takast sjálfir á við starf jógakennara að loknu námi. Meðal námsþátta eru viðskipti, skattur og fleira, siðareglur jógakennara, heimspeki, hin áttfalda leið auk æfingakennslu.

Ljóst er að námsframboð miðstöðvarinnar er í sífellðri þróun og nýjar námsleiðir verða til þegar þörfin knýr dyra. Þær námsleiðir sem kenndar hafa verið til lengri tíma hjá MSS eru einnig í sífellðri endurskoðun með tilliti til gæðaviðmiða í námi og kennslu. Markmiðið er að veita þátttakendum okkar framúrskarandi þjónustu og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu menntunar og atvinnulífs á Suðurnesjum.



## Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna


Alls sóttu 515 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2019. Þar af voru 302 nemendur á vorönn og 213 nemendur á haustönn.

Einnig sóttu 34 nemendur 30 stunda íslenskunámskeið á árinu 2019. Þar af voru 20 nemendur á vorönn og 14 nemendur á haustönn.

Kennt var í sveitarfélögunum Reykjanesbæ og Grindavík en mikill meirihluti nemenda sótti námskeiðin í Reykjanesbæ. Haldin voru fjögur námskeið í Grindavík á árinu.

Íslenskunámskeiðin eru haldin bæði á daginn og kvöldin, með því móti getum við aðlagð nám og námskeið einstaklinga eftir þeirra þörfum.

Íslenskunámskeiðunum er skipt upp í íslensku 1-5 ásamt sérstökum talnámskeiðum og námskeiði í grunnfærni. Skiptingin á árinu er eftirfarandi, sjá töflu á næstu síðu.



Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum



60 stunda íslenskunámskeið

Vorönn 2019	
<i>Íslenska grunnfræði.</i>	<i>engir nemend.</i>
<i>Íslenska 1</i>	<i>123 nemendur</i>
<i>Íslenska 2</i>	<i>106 nemendur</i>
<i>Íslenska 3</i>	<i>64 nemendur</i>
<i>Íslenska 4</i>	<i>9 nemendur</i>

Haustönn 2019	
<i>Íslenska grunnfræði.</i>	<i>6 nemend.</i>
<i>Íslenska 1</i>	<i>89 nemendur</i>
<i>Íslenska 2</i>	<i>72 nemendur</i>
<i>Íslenska 3</i>	<i>4 nemendur</i>
<i>Íslenska 4</i>	<i>12 nemendur</i>

Alls voru haldin **49 námskeið** á árinu og komu **13 kennarar** að kennslu þeirra. Mikill meirihluti nemenda kom á eigin vegum í námið en einnig komu nemendur frá Reykjanesbæ, Vinnumálastofnun, fyrirtækjum og á vegum Virk og Samvinnu.

Hluti af starfi okkar hjá MSS er að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum í námi og starfi.

Á árinu 2019 leituðu þó nokkrir erlendir nemendur sér ráðgjafar hjá verkefnastjórum og námsráðgjafa sem sinnir að miklu leyti nemendum af erlendum uppruna. Meðal verkefna var að leiðbeina nemendum áfram í námi og að útbúa eða uppfæra ferilskrár með þeim.

30 stunda íslenskunámskeið

Vorönn 2019	
<i>Íslenska 1</i>	<i>20 nemendur</i>

Haustönn 2019	
<i>Íslenska 1</i>	<i>14 nemendur</i>





## Fullorðinfræðsla fyrir fólk með fötlun

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fólk með fötlun á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og vel sótt. Gott samstarf hefur verið við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa sem stóð yfir í fimm vikur á vorönn.

Á námskeiðinu var farið yfir mikilvægi þess að stunda hollan lífstíl, samskipti, drauma, markmið og skapandi hugsun. Einnig fengu nemendur kynningu á því námi sem fram fer hjá MSS og kynningu á Samvinnu starfsendurhæfingu. Auk kennslustundanna fengu nemendur viðtal hjá iðjuþjálfra sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið stóð til boða að sækja viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa MSS.

Haldin voru söngnámskeið á hvorri önn fyrir sig og voru námskeiðin mjög vel sótt.

Þátttakendur á vorönn tóku þátt í Hljómlist án landamæra og voru haldnir tónleikar í Hljómahöllinni þar sem fatlaðir og ófatlaðir listamenn frá Suðurnesjum, Selfossi og Akranesi sungu saman.

Nemendur okkar sungu með m.a. Sölku Sól, Páli Óskari, Ingó veðurguð og sönghópnum Vox Felix. Tónleikarnir voru vel sóttir og heppnuðust frábærlega vel. Einnig var námskeið í sviðsframkomu og raddbeitingu í tengslum tónleikana. Haldin voru að auki matreiðslunámskeið, heilsuræktarnámskeið og listanámskeið þar sem unnið var með pappa og förðunarnámskeið.

**Haldin voru 10 námskeið með 64 nemendum.**





## Þjónusta við fyrirtæki

Atvinnulífið á Suðurnesjum hefur verið að glíma við erfiðar áskoranir á þessu ári. Því miður hefur orðið samdráttur og fyrirtækjasvið MSS hefur reynt að bregðast við og hefur það að markmiði að vera styðjandi við atvinnulífið eins og kostur er. Einnig markast starfsemin nokkuð af breyttri stöðu á vinnumarkaði þar sem fjöldi atvinnuleitenda hefur aldrei verið meiri á Suðurnesjum.

Í slíkum aðstæðum er þörf fyrir ýmsar skipulagsbreytingar hjá fjölda fyrirtækja. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að styrkja starfsmenn og hlúa að allri starfsmannaheildinni.

Fyrirtækjasvið MSS hefur fundið fyrir þessum samdrætti. Jákvætt er að mörg fyrirtæki hlúa vel að innviði sínum þrátt fyrir erfiðar aðstæður og greinileg þörf er á svæðinu fyrir ýmsa starfstengda fræðslu og uppbyggingu starfsmanna og liðsheilda. Mikil eftirspurn er eftir nám-


skeiðum, fyrirlestrum og þjónustu fyrirtækjasviðs við að skipuleggja og halda utan um námskeið og fræðslu fyrir fyrirtæki og létta þannig undir með stjórnendum fyrirtækja.

Starfsmenn fyrirtækjasviðs hafa lagt áherslu á að heim-sækja fyrirtæki reglulega bæði í þeim tilgangi að vera vel inni í því sem er að gerast á hverjum tíma í atvinnulífinu og eins til að kynna starfsemi MSS og þjónustu.

Ný fyrirtæki hafa bæst inn í þjónustu fyrirtækjasviðs MSS og eru þau mörg hver ólík og ánægjuleg áskorun að sinna því fjölbreytta verkefni.

Það er tilfinning starfsmanna að þjónusta fyrirtækja-sviðsins sé orðin vel þekkt hjá stjórnendum fyrirtækja og starfsmönnum á svæðinu.





Heildarfjöldi þátttakenda á starfstengdum námskeiðum

Líklegast stafar það af því að undanfarin ár hefur MSS unnið að því að móta fyrirtækjasviðinu sérstöðu innan stofnunarinnar. Það hefur verið gert á heimasíðu MSS og með sérstökum bæklingi fyrir fyrirtækjasviðið og kynningarheimsóknnum til fyrirtækja.

Boðið er upp á úrval námskeiða fyrir fyrirtæki, starfstéttir og einstaklinga sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Algengast er þó að námskeiðin séu sérþöntuð og sérsniðin eftir þörfum fyrirtækis hverju sinni.

### Námskeið

Fjöldi fyrirtækja nýtti sér þjónustu fyrirtækjasviðs MSS við skipulagningu námskeiða árið 2019. Námskeiðin voru af ýmsum toga, sum námskeiðin halda vinsældum sínum milli ára, önnur detta út og ný bætast við.

- Íslenskunámskeið (sérsniðin að fyrirt.) – 30 st. námsk.
- Íslenskunámskeið (sérsniðin að fyrirtæki) – 60 st. námsk.
- Þjónustunámskeið – 4,5 st. námsk.
- HACCP gæðakerfi – 4,5 st. námsk.
- Fagnámskeið í félags og heilbrigðisþjó. – 60 st. námsk.
- Fagnámskeið í félags og heilbrigðisþjó. – 80 st. námsk.
- Fagnámskeið í félags og heilbrigðisþjó. – 190 st. námsk.
- Sölnámskeið – 4,5 st. námsk.
- Einelti og kynferð. áreiti – viðbrögð og forv. – 4 st. námsk.
- Fjölmennning – 4,5 st. námsk.
- Fjölmennning, hópefli – 4,5 st. námsk.
- Skyndihjálp – 4,5 - 6 st. námsk.
- Grunnnáms. fyrir starfsfólk í fiskvinnslum – 75 st. námsk.
- Hreinlæti og gæði fyrir matvælaíðnað – 60 st. námsk.
- Millimenningarferni – 4 st. námsk.
- Starfsmenn eldhúsa – 4,5 st. námsk.

Framhald á næstu síðu.



- *Leiðtoginn, millistjórnendanámskeið – 30 st. námsk.*
- *Leiðtoginn, millistjórnendanáms. á pólsku – 36 st. námsk.*
- *Brunavarnir – 3 st. námsk.*
- *Öryggisnámskeið – 3 st. námsk.*
- *Outlook og fagleg tölvupóstsamskipti – 10 st. námsk.*
- *Hluti af heild, teymisvinna.  
Námskeið fyrir sjúkraliða – 7 st. námsk.*
- *Lífsgleði njóttu – 4 st. námsk.*
- *Tímamót og tækifæri, starfslokanámskeið – 3 st. námsk.*
- *Einfaldaðu líf þitt – 3 st. námsk.*
- *Verkefnastjórnun – 14 st. námsk.*
- *Vinna við móttöku gesta á hóteli – 14 st. námsk.*
- *Umsjón og skipulagning starfsdaga fyrir vinnustaði,  
erfið starfsmannamál – 6 st. námsk.*
- *Jafningjastjórnun – 6 st. námsk.*
- *Fagmennska – 4,5 st. námsk.*
- *Tölvunámskeið – 12 stst. námsk.*

- *Samstarf og samskipti á vinnustað, ýmsar útfærslur  
vinnustofur og starfsdagar sniðnir að þörfum fyrirtækja  
hverju sinni.*
- *Þrif á hóteli – 5 st. námsk.*
- *Fagmennska fyrir hótél – 20 st. námsk.*
- *Starfsþróun fyrir Vinnumálastofnun á pólsku – 20 st.  
námsk.*
- *Þróun hugmyndar að viðskiptatækifæri á ensku og  
íslensku – 50 st. námsk.*
- *Fjölmennning, forvarnir við einelti og kynferðislegri  
misnotkun á vinnustað – 3.5 st. námsk.*
- *Sölnámskeið 5 stunda námskeið*
- *Vertu besta útgáfan af sjálfum þér á ensku og  
íslensku – 4,5 st. námsk.*
- *Einfaldaðu líf þitt á ensku og íslensku – 3,5 st. námsk.*
- *Stjórnun, millistjórnendur – 20 st. námsk.*
- *Starfslokanámskeið – 18 st. námsk.*

Fyrirtækin spanna ólík starfssvið og er þverskurður af atvinnulífinu á svæðinu. Lítil, meðalstór og upp í stærstu vinnuveitendur landsins eru á svæðinu. Fyrirtæki sem eru á flugvallarsvæðinu, í ferðaþjónustu, matvælaíðnaði, sveitarfélög og hið opinbera og fleira.

Alls voru það 3.163 þátttakandi sem sóttu 151 starfstengd námskeið. Þetta er talsverð aukning frá árinu á undan þegar litið er til þátttakendafjölda og árið það besta frá upphafi hjá MSS. Jafnframt voru 95 þátttakendur á sjö starfstengdum FA námsleiðum sem tengdust beint þjónustu við fyrirtæki.





### Fyrirlestrar

Fyrirtækjasvið MSS bauð til opinna fyrirlestra sem voru vel sóttir. Á vorönninni var fyrirlesturinn „Jákvæð samskipti á vinnustöðum“ með Pálmari Ragnarssyni fyrirlesara og körfuboltaþjálfara. Fyrirlesturinn var ákaflega fjölmennur. Á haustönninni fengum við Stjörnu-Sævar eða Sævar Helga Bragason stjörnufræðing og vísindamiðlara til að koma. Hann talaði um hvað einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir geta lagt af mörkum til þess að laga og tryggja þá umhverfsvá sem jarðbúar standa frammi fyrir.

Fyrirlestrarnir voru mjög vel sóttir en í heildina sóttu u.þ.b. 155 einstaklingar þessa 2 fyrirlestra.

### Verkalýðs og sjómannafélag Keflavíkur

Verkalýðs og sjómannafélaga Keflavíkur hefur boðið félagsmönnum sínum upp á fjölbreytt námskeið þeim að kostnaðarlausu og er það afar ánægjuleg viðbót

við námsúrvalið. Einnig auglýsum við og kynnum fyrir félagsmönnum námslínur innan MSS þar sem félagsmenn geta sótt um endurgreiðslu fyrir hluta eða að öllu leyti kostnað vegna námskeiðsgjalda.

### Samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Á árinu 2018 hóf MSS samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar sem felst í að gera þríhliða samning við fyrirtæki í ferðaþjónustu um fræðslu og mælingar á árangri. Nokkrir samningar hafa verið gerðir og búið er að gera fræðslugreiningar og verið að fara fræðsluáætlun sem unnin var í framhaldi af þeim í nokkrum fyrirtækjum en það eru B&B hótél, Hótél Keflavík, Bus4U, Avis bílaleiga, Geysir bílaleiga og Aurora Star hótél.

Verkefnastjórar á fyrirtækjasviði eru einnig í klasasamstarfi með ferðaþjónustufyrirtækjum í Grindavík hvað varðar fræðslu í ferðaþjónustu.



### Fræðslustjóri að láni

Starfsmenntasjóðir helstu almennu stéttarfélaganna bjóða fyrirtækjum sem greiða til félaganna vegna starfsmanna að taka þátt í verkefni sem nefnist Fræðslustjóri að láni. Þátttaka í verkefninu er fyrirtækjunum að kostnaðarlausu.

Í fræðslustjóraverkefnum eru yfirleitt myndaðir rýni- hópar úr öllum deildum fyrirtækisins og gerð greining á fræðslupörfum innan fyrirtækisins og í framhaldinu útbúin fræðsluáætlun. Með verkefninu er fræðslustarf fyrirtækja gert markvissara og því komið í ákveðinn farveg.

Í framhaldi af slíkum verkefnum sér MSS mjög oft um skipulagningu og ut anumhald stakra námskeiða í fræðsluáætluninni og er gott samstarf milli fyrirtækisins og MSS.

### Árið 2019 fór fram vinna við fimm verkefni vegna fræðslustjóra að láni

- Bed and breakfast
- Avis bílaleiga
- Base
- Aurora hótél
- Bus4u
- Klasi í Grindavík:

Northern Light Inn & Max Restaurant, Salthúsið, Papas Restaurant, Fish House Bar & Grill, 4x4 Adventures Iceland (Fjór hjólaævintýri) og Bláa Lónið.

Önnur fyrirtæki sem hafa farið áður í gegnum Fræðslustjóra að láni í samstarfi við MSS eru meðal annars Airport Associates, HS Orka, Olís, Eimskip, ISS, Olíudreifing, Nesfiskur, Skólatur, Allt hreint, Íslenska gámafélagið og Bílaleigan Geysir.

### Styrkumsóknir vegna fræðslu

MSS kynnir starfsmenntastyrki fyrir fyrirtækjum og stofnunum og býður aðstoð við að sækja styrki vegna fræðslu og námskeiða fyrir starfsfólk. Með þessum hætti auðveldar MSS fyrirtækjum vinnu og umsýslu vegna námskeiðahalds og einnig er algengt að fyrirtæki viti ekki um þá styrki sem í boði eru til niðurgreiðslu þegar kemur að fræðslu fyrir starfsfólk.

Fyrirtæki eru mjög ánægð með þennan lið í þjónustu MSS og nýta langflestir viðskiptavinir MSS sér þessa hana.

### Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Náms- og starfsráðgjafar hjá MSS fara reglulega í heim- sóknir á vinnustaði, kynna náms- og starfsráðgjöf og veita ráðgjöf: hóp- og einstaklingsráðgjöf. Starfsmenn fyrirtækjasviðs kynna einnig þennan möguleika í sínum fyrirtækjaheimsóknum. Viðtölin eru einstaklingum að kostnaðarlausu og áhersla er lögð á hvatningu til virkrar



símenntunar, að upplýsa starfsfólk á vinnumarkaði um námsmöguleika og stuðla að starfsþróun.

Fjöldmörg fyrirtæki á Suðurnesjum hafa fengið heimsókn og kynningu og margir starfsmenn nýtt sér það að koma í náms- og starfsráðgjöf hjá einhverjum af þremur náms- og starfsráðgjöfum MSS. Einnig hafa fyrirtæki boðið starfsfólki sínu upp á að sækja sér náms- og starfsráðgjöf á vinnustaðnum í vinnutíma.

#### **Endurmenntun atvinnubílstjóra**

Samgöngustofa veitti MSS vottun til að halda úti endurmenntun atvinnubílstjóra, nám sem atvinnubílstjórar skulu taka á 5 ára fresti til að viðhalda atvinnuréttindum sínum. Tveir verkefnastjóra hjá MSS komu að undirbúningi og utanumhaldi á námskeiðum og skráningu inn á ASK sem er skráningarkerfi Samgöngustofu.

Samgöngustofa setur námskrá fyrir þessa endurmenntun sem innanríkisráðherra staðfestir. Endurmenntunin skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini og fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, þ.e. í ökuskóla sem hefur starfsleyfi Samgöngustofu fyrir C-, D- og E-flokka, sbr. reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini eða hjá öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu.


Þegar námskeiðshaldari er annar en ökuskóli gilda reglur um ökukennslu og starfsemi ökuskóla um hann eftir því sem við á. Lögð var fram kennsluskrá vegna endurmenntunar til viðurkenningar hjá Samgöngustofu.

Það var kraftur og fjölbreytni sem einkenndi árið 2019 á fyrirtækjasviði eins og áður. Verkefnin voru mörg og fjölbreytt og mikil aukning í fjölda þátttakenda á námskeiðum, FA námsleiðum og fyrirlestrum.

Það má merkja aukna vitund meðal stjórnenda á svæðinu um þá þjónustu sem fyrirtækjasvið MSS býður upp á. Þegar erfiðleikar steðja að atvinnulífinu eins og við vorum að upplifa á sl. ári þá þarf að bregðast við í takt við atvinnulífið og sinna þörfum þess eins vel og við getum. Við erum ánægð með hversu mikið fyrirtækin leita til okkar hvort sem er á uppgangstíma eða þegar skóinn kreppir að og leggjum við okkur fram við að veita framúrskarandi þjónustu.



## Náms- og starfsráðgjöf



Heildarfjöldi þátttakenda eftir kyni ■ Konur ■ Karlur

Helstu verkefni voru ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsleiðum og á nám-skeiðum, raunfærnimat, og skipulag, hönnun hópráðgjafar námskeiða og fyrirtækjaþjónusta.

Eins og undanfarin ár eiga náms- og starfsráðgjafar gott samstarf við allar deildir MSS. Mikil áhersla er lögð á að vera í góðu samstarfi við samstarfsstofnanir á svæðinu. Þá höfum við einnig verið að efla ráðgjöf inn í fyrirtæki með góðum árangri.

Samvinna starfsendurhæfing er hluti af starfsemi MSS og náms- og starfsráðgjafar sinna einnig þátttakendum þar. Einnig er samstarf við Virk, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu Sandgerðis, Garðs og Voga, Grindavík og Reykjanesbæ.


Á síðasta ári voru 1.074 viðtöl skráð.

Ráðgjöfin skiptist þannig að 416 karlar sóttu sér ráðgjöf á móti 659 konum.

Á síðasta ári var gríðarleg ásókn í náms- og starfsráðgjöf og aukningin frá síðustu árum til marks um að þörfin er mikil og aukin meðvitund í samfélaginu. Þetta helst í hendur við atvinnuástandið á svæðinu. Við fengum aukið fjármagn frá ráðuneytinu vegna þess, en það var hluti af aðgerðum ríkisstjórnar í tengslum við fall flugfélagsins WOW. Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur aukist og stefnir í að verða 10% í byrjun árs 2020.

Í samstarfi við Vinnumálastofnun á Suðurnesjum höfum við þróað greiningarlista til að kanna stöðu atvinnulausra á skrá hjá þeim. Greiningin fer fram í einkaviðtölum, þar sem farið er ítarlega yfir stöðu þessara einstaklinga hvað varðar starfsreynslu, menntun, áhugasvið og virkni í atvinnuleitinni.






Heildarfjöldi þátttakenda eftir greiðslu ■ FA ■ Af öðrum

Þeim eru m.a. kynntar leiðir í námi og starfi eða vísað til annarra sérfræðinga, ef við á og boðin aðstoð við næstu skref. Í sumum tilfellum mælum við með því að Vinnumálastofnun veiti viðkomandi námssaming til að stunda nám á atvinnuleysisbótum. Þá er algengt að menn skrái sig á lengri eða styttri námskeið hjá MSS eða í öðrum menntastofnunum í kjölfar viðtalanna.

Þá hafa notendur einnig leitað í áhugasviðskannanir, sjálfstyrkingu, námstækni, markmiðasetningu, upplýsingar um leiðir til áframhaldandi náms, ferilskráagerð, stuðning og hvatningu við markmið sín og í raunfærnimat. Við höfum einnig verið með þarfagreiningar inn í fyrirtækjum.

Einstaklingar komu gjarnan til að ræða persónuleg mál sem hafa áhrif á nám þeirra og þróun á starfsferlinum. Ráðgjöfin er kynnt á heimsíðu MSS, fésbókarsíðu MSS með auglýsingum sem ráðgjafar koma að, innan fyrirtækja og samstarfsstofnana, með greinaskrifum og í námsleiðum

MSS. Ef ráðgjöfin er skoðuð eftir ríkisfangi má sjá að stærsti hluti ráðþega náms- og starfsráðgjafa voru Íslendingar eða um 61% en þar á eftir voru Pólverjar. Ef skoðaður er aldur þeirra sem sóttu ráðgjöf hjá MSS að þá er sá yngsti 18 ára en elsti 70 ára, meðalaldur þeirra var 34,5 ára.




Ráðþegar eftir ríkisfangi ■ Ísland ■ Póland ■ Annað

### Hópráðgjöf

Árið 2019 var stór hluti ráðgjafarinnar hópráðgjöf eða um 48%. Við höfum verið í nánu samstarfi við Vinnumála- stofnun sem og fyrirtæki á svæðinu. Í hópráðgjöf höfum við ýmist sinnt sjálfstyrkingu, námstækni, markmiðs- setningu, ferilskrá/færnimöppu og náms- og starfsfræðslu. Við vorum með á leið í starf, námskeið í anda starfs- leitarstofu, fyrir erlenda atvinnuleitendur og var þá túlkur með sem greiddur er af VMST. Námskeiðin falla vel að þörfum erlendu atvinnuleitendanna þar sem þau eru að hluta einstaklingsmiðuð og efnistöð þróuð í samvinnu við VMST, sem þekkir þarfir skjólstæðinga sinna vel. Starfsleitarstofa fyrir erlenda einstaklinga er líka í boði fyrir aðrar samstarfsstofnanir og alla þá sem vinna í þágu markhópsins. Starfsleitarstofa á íslensku var líka í boði á árinu og var aukning frá árinu 2018. Við vorum einnig með starfsleitarstofu fyrir þátttakendur Samvinnu starfsendurhæfingu.

Samkvæmt skýrsluvef voru 359 viðtöl skráð sem aðstoð við ferilskrágerð, 175 komu í raunfærnimat, 89 komu í áhugasviðskönnun, 129 komu til að efla trú á eigin getu og um 270 manns komu til að fá upplýsingar um styttri eða lengri námskeið/leiðir svo dæmi séu tekin.



■ Hópráðgjöf ■ Einstaklingsráðgjöf ■ Hvatningarviðtal

### Raunfærnimat

Raunfærnimat er alltaf hluti af ráðgjöfinni og á síðasta ári vorum við með hópa í Fisktækni, Almennri starfshæfni og Verzlunarfulltrúa.

Í Fisktækni luku 9 einstaklingar mati og fengu þau samtals 575 einingar metnar inn í íslenskt skólakerfi. Í verzlunarfulltrúa voru 10 einstaklingar eru eftir og voru þau með 247 einingar metnar. Í almennri starfshæfni fóru 13 manns í gegnum mat.

Með almennri starfshæfni er verið að meta persónulega hæfni sem er mikilvæg á vinnumarkaði og sameiginleg flestum störfum, hér eru 11 þættir til mats sem skiptast í persónulega hæfni og samstarfshæfni og svo er einnig skoðuð grunnleikni eins og lestur/læsi, ritun, talnaskilning og upplýsingartækni.



Viðkomandi mátar sig við fyrirfram skilgreinda hæfni sem skiptir máli á vinnumarkaði og fær þannig gott yfirlit yfir stöðu sína og styrkleika.

Jafnframt fær hann yfir þá þætti sem viðkomandi þarf að vinna með til að styrkja stöðu sína. Raunfærnimat í almennri starfshæfni er hæfni sem einstaklingurinn þarf að búa yfir eða tileinka sér til þess að taka á virkan hátt þátt í samfélaginu, vera á vinnumarkaði, þróast í starfi og geta tekið á sig meira krefjandi störf.

MSS tók þátt í VISKA verkefninu. Fengnir voru 6 pólsku-mælandi einstaklingar og lagður fyrir þá listi sem byggir á Almennu starfshæfninni. Ekki voru þó jafnmargir þættir til mats og í Almennu starfshæfninni, heldur var miðað við 5 þætti. Matið gekk mjög vel, fimm luku mati og voru þátttakendur mjög ánægðir með verkfærið og töldu að það hjálpaði, ekki bara í tengslum við að kortleggja sig

heldur einnig töldu þau sig fá nýja sýn á hvernig má tala um sjálfan sig, áttuðu sig á mikilvægi þessara mjúku færni sem þeir höfðu ekki leitt hugann að þegar þeir hugsuðu um færnieflingu og/eða styrkleika sína.

MSS mun áfram leggja sitt af mörkum við raunfærnimat og þróun þess enda gífurlega gott tækifæri fyrir einstaklinginn til uppbyggingar á starfsferlinum og hefur virkað einstaklega valdeflandi á þátttakendur.

### Samantekt

Eins og undanfarin ár snúa helstu áskoranir að því að ná til markhópsins. Þá er það einnig töluverð áskorun að hópurinn hefur verið að þyngjast undanfarin ár og tilfinning okkar er að í auknu mæli skorti úthald og seiglu hjá einstaklingum. Þannig að þegar hópurinn er kominn, felst áskorunin oftast en ekki í því að viðhalda trú þeirra á eigin getu og seiglu ef eitthvað kemur uppá.

Vinna við að koma í veg fyrir brotthvarf er því mikilvægur hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa. Við teljum að kjarni náms- og starfsráðgjafar sé að vera til staðar fyrir þá einstaklinga sem til okkar leita. Mikilvægt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur og vera sýnilegur. Það er líka mikilvægt að mynda tengsl við nemendur því þannig eru þeir líklegri til að nýta ráðgjöfina og þau verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar bjóða uppá. Eins og áður, teljum við að þarna sé teymisvinna lykilatriði. Þá teljum við ráðgjafar hjá MSS að við þurfum að reyna nýjar leiðir í markaðssetningu enda eru þeir einstaklingar sem í dag eru að koma inn í okkar markhóp ekki að nýta samskiptamiðla eins og facebook og tímarit í eins miklu mæli og áður. Við þurfum því stöðugt að reyna að finna nýjar og fjölbreyttar leiðir í takt við markhópinn og tækniþróun. Þar er samvinna við aðrar stofnanir dýrmæt og einnig nútímatækni í samskiptum.

Eins og áður felst áskorunin oft í tímaskorti nemenda í hraða nútíma samfélagsins. Ef við skoðum þetta með hliðsjón af fyrirtækjum teljum við að mikilvægt sé að úthugsa leiðir til að benda þeim og stjórnendum þeirra á mikilvægi þess að starfsmenn hugi að starfs- og endurmenntun, að það sé hagur fyrirtækja. Helsta hindrun okkar er því að komast inn í fyrirtækin og fá svigrúm og tíma til að þessum þáttum sé sinnt.

Stór hluti af ráðþegahópi MSS eru útlendingar og því teljum við að það komi óneitanlega niður á gæðum þjónustunnar að ekki er alltaf gott aðgengi að túlka-þjónustu, þá bæði hvað varðar fjármagn og að fá fagtúlka. Sér í lagi ef einstaklingar eru að koma inn af götunni og tilheyra ekki fyrirtækjum eða stofnunum sem þá oftast sjá þessum einstaklingum fyrir túlki.

Á síðasta ári kom stór hópur frá Vinnumálastofnun á Suðurnesjum. Hér erum við að tala um bæði íslenska og erlenda einstaklinga og hópa. Íslenski hópurinn er ívið yngri en sá erlendi. Það hefur komið á óvart að uppgötva hversu lítið fólk í raun veit um námsframboð og þjónustu við námsmenn í nærumhverfi sínu og almennt. Þetta kemur m.a í ljós í greiningarviðtölum fyrir atvinnulausa. Einstaklingsmiðuð kynning skilar sér eðlilega betur en auglýsingar sem eiga að ná eyrum fjöldans. Þrátt fyrir þetta teljum við að MSS og ráðgjöfin séu vel tengd inn í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu og að aukin eftirspurn sé eftir ráðgjöf frá þeim sem koma af sjálfsdáðum. Áskorunin felst því í því að ná til sem flestra einstaklinga og úthugsa leiðir til þess.



## Samvinna – starfsendurhæfing

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn hindrana þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.

Endurhæfingin fer að mestum hluta fram í hóp, t.d. með námskeiðum, fræðslu, hópefli og líkamsþjálfun en á einstaklingsmiðaðan hátt þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Einnig fer endurhæfingin fram einstaklingslega með viðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum, launaðri eða ólaunaðri vinnuþröfn. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám. Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér markmið.

Á mynd (sjá á næstu síðu) má sjá hvernig skipting var á fjölda þátttakenda á milli mánaða á árinu 2019. Fjöldi þátttakenda fækkaði frá árinu áður. Þegar meðaltalið er tekið saman yfir árið eru 53 þátttakendur í hverjum mánuði sem nýta sér þjónustu Samvinnu en árið 2018 var meðaltalið 60. Á árunum 2016 og 2017 voru þátttakendur að meðaltali 65 í hverjum mánuði og jafnari dreifing yfir árið. Velta má fyrir sér ýmsum spurningum um hvað veldur þessari fækkun, á sama tíma og fjöldi einstaklinga í þjónustu hjá VIRK hefur aukist ár frá ári miðað við ársrit VIRK 2019. Hefur þróunin verið öfug á Suðurnesjum, hefur þörfin fyrir starfsendurhæfingu minnkað? Er sá hópur sem leitar til VIRK nær vinnumarkað að mati sérfræðinga og þurfa því ekki á þverfaglegri starfsendurhæfingu að halda? Hefur vinnsla mála orðið þyngri hjá VIRK sem leiðir til þess að erfiðara er að komast í þverfaglega starfsendurhæfingu?

Fjöldi þátttakanda í Samvinnu



Ráðgjafar Samvinnu hafa unnið að því að vekja athygli á því góða starfi sem þeir vinna og hafa lagt sitt af mörkum til þess að fjölga þátttakendum í Samvinnu. Kynning var haldin fyrir sérfræðinga VIRK, þar sem ráðgjafar Samvinnu fóru yfir þá þverfaglegu starfsendurhæfingu sem boðið er upp á. Að mati ráðgjafa Samvinnu er boðið upp á fjölbreytta þverfaglega starfsendurhæfingu. Ráðgjafar rýna í hópinn sem vísað er til Samvinnu og aðlaga námskeiðin að þörfum þátttakenda.

Eitt af verkefnum Samvinnu á árinu var að undirbúa efni fyrir heimsíðu MSS. Þar sem markmiðið er að hafa aðgengilegar upplýsingar á þeirri þjónustu sem boðið er upp á, lýsingar á námskeiðum og hvaða fagaðilar koma að þverfaglegri starfsendurhæfingu í Samvinnu.





### Endurhæfingarleiðir – innihald


Boðið er upp á mismunandi þjónustuleiðir í Samvinnu og fá allir þátttakendur sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfara, fíknifræðing, fjölskyldu-meðferðarfræðing, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttifræðing, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, menntastofnanir og námskeiðshaldara. Samvinna á einnig gott samstarf við atvinnurekendur um vinnutengingu þátttakenda í formi vinnuþröngu eða starfsþjálfunar.

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012. Til þess að eiga rétt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni.

Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.

Skipting þátttakanda á endurhæfingarleiðum



■ Einstaklingsmiðuð endurhæfing ■ Mat á stöðu einstaklings ■ Eftirfylgd

Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum

Um er að ræða endurhæfingu í 2 mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst meðal annars fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing

Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkaðinn eða í áframhaldandi nám. Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.


Eftirfylgd

Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Á mynd má sjá hvernig þátttakendur skiptast á endurhæfingarleiðirnar.



Fjöldi þátttakanda út frá kynjaskiptingu




■ Konur ■ Karlar ■ Samtals

Eins og undanfarin ár voru konur í meirihluta í Samvinnu, kynjaskiptinguna má sjá á mynd. Konur voru 69% af þátttakendum, þannig að kynjaskiptingin er svipuð og á síðasta ári.

Aldursdreifing á þátttakendum í Samvinnu er breiður, yngsti þátttakandinn var 19 ára og sá elsti 66 ára eins og sjá má á mynd. Það voru 98 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu á árinu sem er fækkun um 8 einstaklinga frá fyrra ári. Eins og undanfarin ár er áberandi að ungir einstaklingar eru í meirihluta, 60 einstaklingar eru á aldrinum 19 til 29 ára eða 61% af heildarfjölda

Aldur þátttakanda



■ Fjöldi þátttakanda eftir aldri

### Endurhæfingin sérsniðin að einstaklingnum

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Ávallt er boðið upp á dagskrá/stundaskrá sem er eingöngu fyrir þátttakendur í Samvinnu og skipulögð í 6 vikur í senn. Að venju var dagskráin mjög fjölbreytt og megináherlan á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Þátttakendum gefst tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum. Ráðgjafar Samvinnu leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Mikil nýbreytni er í starfinu og fá þátttakendur tækifæri til þess að taka þátt í mótun dagskrárinnar.

Batanámskeið var ein af þessari nýbreytni undir handleiðslu fíknifræðings. Kennarinn er með MA gráðu í fíknifræðum frá Hazelden Betty Ford stofnuninni í Bandaríkjunum. Aukin eftirspurn eftir námskeiði um félagskvíða varð til þess að sett var af stað félagskvíðanámskeið undir handleiðslu sálfræðings og ráðgjafa Samvinnu sem þau þróuðu á árinu. Haldin hafa verið nokkur námskeið sem fengu góðar umsagnir. Einnig hefur Kvikmyndasmiðja í samstarfi við Stúdíó Sýrland fest sig í sessi á hverju vori þar sem einstaklingar takast á við ýmis konar áskoranir. Lagasmiðja var áfram í boði einu sinni á hvorri önn og eru stór plön á dagskrá varðandi hana á næstu árum. Þar fyrir utan eru námskeið sem hafa verið ár eftir ár eins og ART meðferðartímar (Aggression Replacement Training), námskeiðið Draumar og drekar, námskeið í hugrænni atferlismeðferð, fjármálanámskeið, núvitund í daglegu lífi og vinnustofur svo eitthvað sé nefnt.



**Menntastofnun – MSS**

**Fjöldi**

<i>Á leið í starf fyrir erlenda þátttakendur</i>	2
<i>Félagsbrú</i>	2
<i>Grunnmenntaskólinn</i>	11
<i>Íslenska fyrir útlendinga</i>	5
<i>Íslensk menning og samfélag</i>	4
<i>Kvikmyndasmiðja</i>	17
<i>Menntastoðir</i>	14
<i>Raunfærnimat</i>	8
<i>Sölu- markaðs og rekstarnám</i>	1
<i>Skrifstofuskóli 1</i>	4
<i>Þróun hugmyndar á viðskiptatækifæri á ensku</i>	2
<b>Samtals</b>	<b>70</b>

**Nám og starf utan samvinnu**

**Fjöldi**

<i>Aftur í nám – lærðu á lesblindu</i>	1
<i>FS</i>	1
<i>VMA</i>	1
<i>Keilir</i>	4
<i>Háskóli Íslands</i>	2
<i>Háskólinn á Akureyri</i>	1
<i>Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri</i>	1
<i>Vinnuþrúfa á almennu vinnumarkaði</i>	29
<i>Stuðningur í starfi</i>	13
<b>Samtals</b>	<b>53</b>

Stór liður í endurhæfingunni er að prufa sig á almennum vinnumarkaði og er Samvinna í samstarfi við fjöldamargar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Sjá mynd. Aukning var í fjölda þeirra sem prufaði vinnu á almennum markaði. Svipaður fjöldi nýttu sér menntaleiðir og á síðasta ári.

Samvinna er í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Samstarf við fyrirtæki á Suðurnesjum var til fyrirmyndar á árinu eins og undanfarin ár og bætast ný fyrirtæki í hópinn á hverju ári. 23 fyrirtæki buðu þátttakendum Samvinnu vinnuþrúfu, um var að ræða 29 einstaklinga. Eftirfarandi fyrirtæki hafa verið í samstarfi við Samvinnu varðandi vinnuþrúfur árið 2019: Lager Pennans, Rauði krossinn, Heiðarskóli, Háaleitisskóli, Listaskólinn- sumarnámskeið hjá Reykjanesbæ, Icewear saumastofa, Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara, Lífstíll, Sporthúsið, Nettó Grindavík, Hrafnista, Samkaup, Skólatur, Green motion car rental, Blue car rental, Tjarnarsel, Holtaskóli, Kapalvæðing, Dýralæknastofa Suðurnesja, Hjallatún, Orf líftækni, Fjölbrautarskóli Suðurnesja og Miðhús Suðurnesjabæ.

Við þökkum þessum fyrirtækjum fyrir samvinnuna.

### Samantekt

Fækkun á tilvísunum var á milli árána 2018 og 2019. Starfsfólki er umhugað um að þjónusta einstaklinga vel en ef fækkun er á einstaklingum í þjónustu þarf að endurskoða starfið og þau fjölmörgu sérhæfðu námskeið sem Samvinna hefur upp á að bjóða. Engar skýringar eru á þessari fækkun sem vekur upp spurningar og áhyggjur af stöðunni ef fram heldur sem horfir. Undanfarin fjögur ár hafa verið skipulagðar stundaskrár sex vikur fram í tímann með ýmsum þemavikum og uppbrotum á starfinu sem gefist hefur vel. Þannig fær þátttakandinn sína eigin stundaskrá og velur sjálfur námskeið eða leið miðað við sínar hindranir og markmið.

Samstarf ráðgjafa Samvinnu við ráðgjafa VIRK á Reykjanesi er til fyrirmyndar og eru fundir haldnir með þeim reglulega auk samskipta vegna sameiginlegra mála.

Sí- og endurmenntun er mikilvægur þáttur í starfi MSS. Ráðgjafar Samvinnu hafa farið á ráðstefnur og sótt fræðslu erlendis og á Íslandi.

Á síðasta ári var engin undantekning þar á. Farið var til Kanda með ráðgjöfum VIRK á námskeið sem bar heitið International Mindfulness Meditation Training for Work Life Balance & Stress Management 2019 sem hluti af starfsþróun starfsmanna. Tveir ráðgjafar sóttu námskeið um áhugahvetjandi samtalstækni svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu 2019 tók VIRK upp nýtt þjónustukerfi sem ber innra heitið Yoda. Kerfið heldur utan um pantanir til Samvinnu og skrá ráðgjafar inn í kerfið framvindu þátttakenda í endurhæfingunni sem og mætingar þeirra. Yoda hefur verið í sífelldri þróun frá því það var stofnað og hafa ráðgjafar Samvinnu reglulega þurft að aðlaga sig að breytingum kerfisins yfir árið. Ráðgjafar Samvinnu upplifa góðar breytingar með tilkomu Yoda.

Einnig hefur það gefist vel að ráðgjafar Samvinnu sitji rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK þar sem skoðuð er framvinda hvers einstaklings og áætlun um næstu skref gerð.


Tekið var saman hver framfærsla og virkni þátttakenda var við útskrift frá Samvinnu árið 2019 sem sjá má á næstu tveimur myndum á næstu síðu.

Alls voru 23% með laun á almennum vinnumarkaði sem er fækkun frá árinu áður. Það sem flokkast undir annað eru þeir þátttakendur sem ekki voru með neinar tekjur við útskrift svo sem fæðingarstyrkur, umönnunar-bætur, einn einstaklingur fór í nám og nýtti sér eigin sparnað sem framfærslu auk þess sem ekki liggur fyrir vitneskja um tekjur einhverra einstaklinga. Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri og endurhæfingarlífeyri frá TR eða lífeyris-sjóðum voru 52%. Þeir sem voru á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga voru 8% sem er lækkun frá síðasta ári. Það voru 4% á námslánum og 2% á atvinnuleysisbótum.



Framfærsla þátttakanda við útskrift 2019


Mynd 6.



■ Annað ■ Laun ■ Örorkulífeyrir ■ Endurhæfingarlífeyrir  
 ■ Staðgreiðslumat ■ Námslán ■ Atvinnuleysisbætur ■ Fjárhagsaðstoð Sveitarfélaga

Virgni þátttakanda við útskrift 2019

Mynd 7.



■ Launað starf ■ Endurhæfing ■ Nám ■ Atvinnuleit ■ Sjálfböðastarf ■ Vísuð í félagsþj. ■ Annað

Á mynd má sjá að 36% þátttakanda sem útskrifuðust voru í einhverri virkni sem er launað starf, nám, sjálfböðaliðastarf og atvinnuleit. Það er fækkun frá fyrra ári og má velta fyrir sér hvaða skýring liggur þar að baki. 20% þátttakanda var vísuð í önnur endurhæfingarúrræði, þá er um að ræða endurhæfingu sem ráðgjafar VIRK halda utan um eða heilbrigðiskerfið. 30% af þátttakendum voru flokkaðir í annað sem er aukning frá síðasta ári. Annað getur verið fæðingarorlof, heimavinnandi eða engin skipulögð virkni.

Atvinnuleysi jókst á árinu 2019 til dæmis vegna falls flugfélagsins WOW. Íbúar á Suðurnesjum hafa á undanförunum árum búið við miklar sveiflur á atvinnumarkaði, mikill uppgangur átti sér stað og þá var lítið um atvinnuleysi og síðan samdráttur þar sem atvinnuleysið var mikið. Þessar sveiflur koma óneitanlega við starfið í Samvinnu og þátttakendur sem hjá okkur eru, bæði varðandi möguleika á vinnuprufu og atvinnu að endurhæfingu lokinni.



## Erlend verkefni

### Erasmus+

#### Creative and Design Thinking MOOC - CDTMOOC

Verkefnið CDTMOOC er unnið í samstarfi við stofnanir frá Ítalíu, Finnlandi, Frakklandi og Lúxemborg. CDTMOOC verður gagnvirkur vefur sem mun bjóða upp á ný verkfæri til að aðstoða fólk við að þróa sig áfram sem frumkvöðul.

Í verkefninu er verið að þróa „Lego brigs“ hugmyndafræði til að efla skapandi hugsun og einnig að leikjavæða (e. gamifications) námsefni sem hentar nemendum almennt til að máta sig í nýsköpun og frumkvöðlafræði. Skoðuð eru dæmi um góða starfshætti í nýsköpun sem eru til fyrirmyndar og lært af þeim. Afurðin er vefsvæði þar sem er hægt að nálgast námskeið sem er leikjavætt og hvetur til skapandi hugsunar og ætti að vera gott tæki til að finna frumkvöðla framtíðarinnar.

Á haustdögum fóru tveir starfsmenn til Potenza á Ítalíu þar sem verkefninu var startað. Hópurinn er öflugur og hittist á vinnufundi mánaðarlega í gegnum netið.

**Verkefnið hófst árið 2019.**

### Erasmus+

#### Increased knowledge, skills and methods in education

MSS fékk styrk úr Erasmus+ til að starfsfólk MSS gæti sótt sér endurmenntun til að styrkja sig í starfi. Styrkur fékkst til að senda átta einstaklinga í endurmenntun sem snýr að því að stykja kunnáttu innan MSS á sviði þjónustu við innflytjendur, teymisvinnu og tækni í kennslu. Stefnt var á að gefa öllu starfsfólki MSS tækifæri á að sækja sér endurmenntunar á þessum sviðum. Á árinu 2019 fóru sjö starfsmenn til Malaga á Spáni þar sem farið var í teymisvinnu. Einnig fóru fimm starfsmenn til Tenerife á Spáni þar sem þau lærðu um notkun snjallforrita í kennslu. Verkefnið hófst árið 2018 og því lauk árið 2019.



### Nordplus Voksen - Brúum bilið

Nordplus verkefnið Brúum bilið sem nefnist á ensku Bridging the gap between teaching and research tengist starfsþróun kennara. Markmið verkefnisins er eins og nafnið gefur til kynna að brúa bilið á milli kennslu og rannsókna og veita kennurum tækifæri til þess að skoða starf sitt með augum rannsakandans.

Samstarfsaðilar MSS í verkefninu koma frá Danmörku og Finnlandi. Í University College Absalon í Danmörku og Ottavia, educational service í Finnlandi er m.a. boðið uppá kennaramenntun og samstarfsaðilar okkar í verkefninu starfa við skipulagningu náms fyrir kennaranema og starfsþróunar fyrir starfandi kennara.

Verkefnið felst í því að skipuleggja námskeið fyrir starfandi kennara þvert á skólatig. Námskeiðið var sett upp á kennslukerfinu MOODLE þar sem allt efni er aðgengilegt.

Námskeiðinu var skipt upp í fjóra þætti sem nefndir voru Discover, Explore, Collect og Share.

Námskeiðið er byggt á vinnustofum þar sem kennarar fá tækifæri til þess að skoða ákveðið atriði, verkefni eða áskorun í eigin starfi. Hönnun námskeiðsins er með þeim hætti að verkefni og skipulag er gert sérstaklega aðgengilegt og ekki er gerð krafa um miklar fræðilegar ígrundanir heldur er frekar lögð áhersla á að kennarar fái stuðning við starfsþróun, við að leita nýrra leiða og lausna við áskorunum sem þeir mæta í starfi sínu. Þátttakendur fá tækifæri til þess að tengjast á milli landa og fá innsýn í áskoranir og hugmyndir finnskra kennara sem einnig taka þátt í námskeiðinu.

**Verkefnið hófst í ágúst 2019.**

## Þróunarverkeni

### Starfsmenntun í fiski

#### – hvenær sem er

Markmið verkefnisins er að auka möguleika fiskvinnslu-fyrirtækja til að nota rafrænt efni til að fræða starfsmenn sína varðandi vinnu og vinnuumhverfi þeirra.

Námsefnið er ætlað fyrir nýliða og aðra sem tengjast fiskvinnslu. Almenni hlutinn hefur þann möguleika að geta nýst á hvaða vinnustað sem er. Samstarfsaðilar voru Vísir hf. og Þorbjörn hf. í Grindavík ásamt Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Sigurjón Arason frá Matís hjálpaði mikið með fróðleik sínum og ráðum. Myndböndunum var skipt upp í þætti og farið var eftir námskrá um grunnnámskeið fiskvinnslufólks. Sú námskrá er fjölbreytt og kemur bæði að gæðum í fiskvinnslu, vinnubrögðum, fræðslu um sjávarútveginn almenn og einnig þætti sem snúa að sjálfstrausti, líkamsbeitingu, vinnuvistfræði, fræðsla um atvinnulífið og réttindi og skyldur starfsmanna, fjölmennung, hreinlæti og gerlagróður í matvælavinnslu.

Á árinu 2019 var unnið að handriti og myndatökum á vinnustöðunum. Þær tókur fóru að mestu fram hjá Vísi og Þorbirni og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Jafnframt fóru viðtöl fram ýmist í studíói eða hjá MSS. Myndböndin eru öll textuð og er hægt að fara í „subtitle“ og fá fram íslenskan, enskan og pólskan texta með öllu efninu. Þar sem innihald fræðslumyndanna er mjög fljölbreytt nýtist þetta í ýmsa aðra kennslu einnig. Í október 2019 var verkefninu skilað til Þróunarsjóðs og hefur verið notað í kennslu og reynst vel.

Slóðina á myndböndin er að finna á [hér!](#)

**Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði og hófst haustið 2018 og lauk í október 2019.**





### Gæðamatur og ferðaþjónusta

Markmið verkefnisins er að styðja við íslenska matarframleiðslu.

Markhópurinn er starfsfólk sem er starfandi í framlínu þar sem framleidd/framreidd eru íslensk matvæli. Starfsmenn fá þekkingu til að kynna sérstöðu íslenskra matvæla fyrir ferðamönnum. Verkefnið er unnið með hliðsjón af verkefni Nýsköpunarráðuneytis um Matarauð Íslands.

Verkefnið verður í sex þáttum þar sem fjallað er um mat og ferðaþjónustu, gæði matvæla og meðhöndlun, hreinlæti og þjónustu og ábyrgð starfsmanna. Á árinu 2019 var farið í heimsókn í fyrirtækin Friðheima, Gott, Skál og Hótel Glym til að fá sérfræðiþekkingu þeirra fram og taka viðtöl við það frábæra fagfólk sem starfar þar um hvað þeim fyndist mikilvægast í sínum rekstri.

Áhersla er á íslenskt hráefni og vönduð vinnubrögð og þjónustu. Efnið er textað á íslensku, ensku og pólsku. Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði.

**Verkefnið hófst haustið 2018 og er ólokið í lok árs 2019.**

### Stafræn nýliðþjálfun og starfakynning fyrir fiskvinnslustörf

Markmið verkefnisins er að styrkja nýliðþjálfun í fiskvinnslu. Einnig er efnið ætlað til að sýna í grunn- og framhaldsskóla og kynna margvísleg störf og starfsmöguleika í fiskvinnslu. Það verða gerðir sex þættir þar sem eru frásagnir einstaklinga úr mismunandi störfum í fiskvinnslu. Einnig verður einn þáttur þar sem sýnt verður flæði fisks í gegnum vel tækjum búna fiskvinnslu.

**Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði síldarútvegsins. Verkefnið hófst haustið 2018 og er ólokið í lok árs 2019.**



### Sveigjanlegt nám – sveigjanlegir kennsluhættir

Verkefnið Sveigjanlegt nám – sveigjanlegir kennsluhættir snýr að þróun kennsluhátta í framhaldsfræðslu.

Með tilkomu meiri sveigjanleika í námi verður til krafa um að leiðbeinendur öðlist færni og kunnáttu í kennslufræði fjar-, dreifi- og vendináms.

Leiðbeinendur þurfa að öðlast færni í notkun tækni auk þess að þekkja kennslufræðileg grundvallaratriði í kennslu sem fer að mestu fram í gegnum netið.

Þá er sérstaklega átt við samskipti við nemendur, uppsetningu námskeiða, framkvæmd námsmats og kennslu- aðferðir.

Markmið verkefnisins eru meðal annars að þátttakendur geti útskýrt og beitt hefðbundnu ferli við skipulagningu fjarkennslu, geti stuðlað að virku námsumhverfi á netinu, ígrundi á gagnrýninn hátt eigin reynslu og færni í skipulagningu og framkvæmd fjarkennslu og notkun tækni- verkfæra og kennslukerfis.

Námskeiðið skiptist í fjóra námsþætti; skipulag og framkvæmd fjarkennslu, tækniverkstæði um öpp og upptökur, tækniverkstæði um Moodle og námsmat í fjarkennslu.

**Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Það hófst haustið 2019 og gert ráð fyrir að því ljúki vorið 2020.**





Ársskýrsla

2019

# Ársreikningur fyrir árið 2019

MYND





**Miðstöð símenntunar á  
Suðurnesjum ses.**  
Ársreikningur  
2019

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses.  
Krossmóa 4  
260 Reykjanesbæ  
kt. 560298-2349



# Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. Ársreikningur 2019

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.



## Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 27. apríl 2020

**Deloitte ehf.**

  
Anna Birgitta Geirfinnsdóttir  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

### Starfsemin á árinu

Tekjur umfram gjöld félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	3.080.768
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	192.989.197
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	150.320.011
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	77,9%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	17

### Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns


Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins

Reykjanesbær, 27. apríl 2020

### Í stjórn

  
Kristín María Birgisdóttir  
stjórnarformaður

  
Ellert Eiríksson

  
Kristján Ásmundsson

  
Olafur Magnússon

  
Halldóra Friða Þorvaldsdóttir

### Förstöðumaður

  
Guðjónína Sæmundsdóttir



## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur .....		383.815.520	351.583.898
Aðrar tekjur .....		2.327.995	6.755.799
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(206.321.478)	(206.545.036)
Annar rekstrarkostnaður .....		(177.546.724)	(142.074.618)
Afskriftir fastafjármuna .....	6	(2.967.824)	(2.719.352)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		(692.511)	7.000.691
Fjármunatekjur .....		4.491.268	6.488.879
Fjármagnsgjöld .....		(717.989)	(660.614)
	5	3.773.279	5.828.265
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<u>3.080.768</u>	<u>12.828.956</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	3.828.149	5.785.993
Fjárfestingarverðbréf .....		100.000	100.000
		<u>3.928.149</u>	<u>5.885.993</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		20.522.322	18.857.150
Aðrar skammtímakröfur .....		197.200	2.070.789
Handbært fé .....		168.341.526	155.016.393
		<u>189.061.048</u>	<u>175.944.332</u>
<b>Eignir</b>		<u>192.989.197</u>	<u>181.830.325</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	150.320.011	147.249.243
<b>Eigið fé</b>		<u>150.320.011</u>	<u>147.249.243</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		4.351.690	4.642.884
Aðrar skammtímaskuldir .....		38.317.496	29.938.198
		<u>42.669.186</u>	<u>34.581.082</u>
<b>Skuldir</b>		<u>42.669.186</u>	<u>34.581.082</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>192.989.197</u>	<u>181.830.325</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða .....		(692.511)	7.000.691
Afskriftir .....		2.967.824	2.719.352
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting .....		0	52.965
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.275.313	9.773.008
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) .....		208.417	(2.611.677)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....		8.078.104	11.552.048
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		10.561.834	18.713.379
Innborgaðir vextir og arður .....		4.491.268	6.488.879
Greiddir vextir .....		(717.989)	(660.614)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>14.335.113</b>	<b>24.541.644</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(1.009.980)	(3.532.004)
		(1.009.980)	(3.532.004)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
		0	0
		0	0
Hækkun handbærs fjár .....		13.325.133	21.009.640
Handbært fé í upphafi árs .....		155.016.393	134.006.753
Handbært fé í lok árs .....		<b>168.341.526</b>	<b>155.016.393</b>